

Framtíðarsýn okkar 2030



Norræna
ráðherranefndin

Framtíðarsýn okkar 2030

Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbærnu hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

**Norðurlöndin
eiga að verða
sjálfbærasta og
samþættasta
svæði heims**

Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.





Tímabært er að virkja innri styrk Norðurlanda í þágu loftslagsmála og samfélagsins og setja þau mál í algeran forgang. Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun til ársins 2030 og Parísarsamkomulagið vísa veginn en við verðum að auka metnað okkar og herða róðurinn.

- Framtíðarsýn okkar 2030



Kjarninn í framtíðarsýninni

— **Sjálfbærni**

Lausnirnar eru til – þær eru beint fyrir framan okkur. Sjálfbær orkuframleiðsla og kolefnishlutleysi, grænar samgöngur og fjárfestingar, lífhagkerfið og hringrásarhagkerfið. Lausnin er ekki ein heldur margar og á mörgum sviðum samtímis. Grænt hagkerfi byggist á nýsköpun, skapar störf og eykur samkeppnishæfni.

— **Sambætting**

Framtíðarsýnin og stefnumarkandi áherslur eiga að skapa grundvöll fyrir auknu upplýsingaflæði og kynningu á norrænu samstarfi, heima fyrir og hnattrænt.



Stefnumarkandi áherslur

- Þessar þrjár stefnumarkandi áherslur, **Græn Norðurlönd, Samkeppnishæf Norðurlönd og Félagslega sjálfbær Norðurlönd** munu gilda til ársins 2024.
- Starfið á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar á að leggja sitt af mörkum til að stuðla að hinum stefnumarkandi áherslum og þar með framtíðarsýninni og markmiðum hennar.
- Allar ráðherranefndir og stofnanir eiga að stuðla að því með beinum aðgerðum og tryggja í sameiningu að framtíðarsýnin rætist.

